



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lúpína Að sögn Eysteins Haraldssonar, bæjarverkfræðings Garðabæjar, hefur verið reynt að halda lúpínunni í skefjum í landi bæjarfélagsins og verja ákveðin svæði. Myndin sýnir lúpínueyðingu við Víffilsstaðavatn.

Heiðmörk í hættu?

● **Lúpína á höfuðborgarsvæðinu er stórt vandamál að sögn bæjarverkfræðings Garðabæjar**

Hjörtur J. Guðmundsson
hjorturjg@mbl.is

„Það eru auðvitað skiptar skoðanir um lúpínuna eins og annað. En þetta er stórmál. Við erum að reyna að halda henni í skefjum,“ segir Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar, um útbreiðslu lúpínu í landi bæjarfélagsins og víðar á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að tekist hafi til þessa að halda lúpínunni nokkurn veginn í horfinu og verja ákveðin svæði en ekki mikið meira en það.

Eysteinn segir niðurskurð hjá sveitarfélögunum á svæðinu ekki gera stöðuna betri. Hann segir að eitt þeirra svæða sem lúpínan hafi herjað á sé Heiðmörkin sem sé að hluta til í eigu Garðabæjar. Reynt hafi verið að berjast gegn útbreiðslu hennar þar. Hins vegar skorti á samstarfi í þeim efnum og þá ekki síst við ríkið vegna ríkisjarða enda virði lúpínan engin slík mörk. „Þetta er eitt af stóru málunum. Þú getur bara spurt þig að því, innan ekki mjög langs tíma, eigum við að segja tíu ára, ef lúpínan yrði búin að leggja undir sig Heiðmörkina: Værum við sátt við það?“

Á 196 km hraða í Ártúnsbrekku

● Fjórir ökumenn af hundrað voru ölvaðir

Karlmaður var sviptur ökuréttindum á staðnum eftir að lögregla mældi bifreið hans á 196 km hraða í Ártúnsbrekku aðfaranótt sunnudags. Maðurinn sýndi engan mótþróa, nam staðar um leið og lögregla kveikti á stöðvunarmerkjum og játaði brot sitt. Hann reyndist hvorki undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna.

Samkvæmt upplýsingum af vefsvæði Umferðarstofu á maðurinn yfir höfði sér ökuleyfissviptingu í þrjá mánuði, 150 þúsund krónur í sekt og þrjá punkta í ökuferilsskrá. Ekki fengust upplýsingar um það hjá lögreglu hvort um ítrekað brot væri að ræða, en við slíkt geta upphæðir hækkað.

Lögregla höfuðborgarsvæðisins var að auki með sérstakt eftirlit með ölvunarakstri um helgina. Aðfaranótt sunnudags var settur upp vegartálmi



Skoðun Vegartálmi lögreglu.

á Kringlumýrabraut og um eitt hundrað ökutæki stöðvuð. Af hundrað ökumönnum reyndust fjórir undir áhrifum áfengis og þar með óhæfir til að keyra. Þeir voru sviptir ökuréttindum á

staðnum til bráðabirgða. Einn ökumannanna ölvuðu reyndi að stinga lögreglu af og tók það til bragðs að aka á móti umferð frá Kringlumýrabraut að Bústaðavegi. Lögreglu tókst að stöðva för mannsins sem var handtekinn og látinn gista fangageymslur. Jafnframt var einn ölvaður ökumaður handtekinn í Grafarholti en hann varð valdur að umferðaróhappi.

sumarvörur
ný sending

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30-18:00, Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum, Kóp. 201, S: 517 7727-www.nora.is – Nora á facebook

Nóra



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Kani Einar Bárðarson á útvarpsvaktinni á Kananum í gærdeg.

Kaninn er kominn í Reykjavík

„Með því að flytja starfsemina inn til Reykjavíkur komumst við nær hringiðunni,“ segir Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kanans. Kaninn FM 100,5 er fluttur í Skeifuna í Reykjavík. Aðsetur stöðvarinnar, sem fór í loftið í fyrra, var áður í Keflavík.

Útvarpsstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli gekk gjarnan undir nafninu Kaninn. Þegar Einar hóf útvarpsrekstur ákvað hann að nota þetta nafn og kallmerki og segir það strax hafa fest í huga fólks. „Með því að fara inn til Reykjavíkur má segja að Bandaríkjaher hafi endanlega yfirgefið Suðurnesin,“ segir Einar sem fagnar flutningunum með ýmsu móti í dag eins og heyrast mun á Kananum. sbs@mbl.is

KRONAN ódýrt og gott

998 kr. pk.

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l